

30, en þar býr kærði, og íbúar nærliggjandi fjölbýlishúsa skrifuðu þá undir lista, þar sem þeir kröfðust, að kærði sætti refsíabyrgð vegna ósiðsamlegs athæfis gagnvart börnum og fullorðnum.

Rannsókn máls þessa er enn á frumstigi.

Með hliðsjón af því og með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að úrskurða kærða, Björn Þórðarson, til að sæta gæsluvarðhaldi, enda eru skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu, þar sem brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu, sbr. XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Gæsluvarðaldstíminn ákveðst allt að 60 dögum.

Rétt þykir, að kærði gangi undir geðheilbrigðisrannsókn, á meðan á gæsluvarðhaldinu stendur, sbr. d lið 2. tl. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974.

Úrskurðarorð:

Kærði, Björn Þórðarson, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum. Kærði sæti geðheilbrigðisrannsókn, á meðan á gæsluvarðhaldinu stendur.

Þriðjudaginn 23. september 1975.

Nr. 39/1974. Guðbjörn Guðmundsson

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Sigmundi P. Lárussyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Leif Einarsson og Magnús P. Torfason.

Verktakar. Sameiginlegt tilboð. Skipting hagnaðar og taps.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. febrúar 1974. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjandi heldur því fram, að aðiljar hafi hvor um sig átt að bera tap og ágóða af sínum verkþætti við byggingu þá, sem í málinu greinir. Hann hefur þó hvorki sannað, að svo hafi verið um samið milli aðilja né að slík skipting taps og ágóða byggist á venju, þegar eins stendur á og hér. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 40.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðbjörn Guðmundsson, greiði stefnda, Sigmundi P. Lárussyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 21. nóvember 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 30. október sl., hefur Sigmundur P. Lárusson múrarameisteri, Langagerði 86 hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 5. apríl sl., á hendur Guðbirni Guðmundssyni byggingameistara, Glaðheimum 20 hér í borg.

Í máli þessu kveðst stefnandi krefja stefnda um endurgreiðslu skuldar eða skaðabóta samtals að fjárhæð kr. 187.855 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og greiðslu málskostnaðar að skaðlausu, þó eigi lægri en samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, aukatekjulögum, svo og um útlagðan kostnað.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum til-dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans.

Sátt hefur verið reynd, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að samkvæmt tilboðsblaði, dags. 14. apríl 1966, gera aðiljar máls þessa sameiginlega tilboð í að byggja

þvottastöð í Reykjavík fyrir Strætisvagna Reykjavíkur. Tilboð þeirra sundurliðast þannig:

1. Heildarupphæð, efni og vinna	kr. 5.972.253
Þar af:	
1. Rafmagnslögn, efni og vinna	— 307.860
2. Hita-, vatns-, skulp- og hreinlætistækjalagnir, efni og vinna	— 754.450

Í tilboðsupphæðinni var meðtalinn söluskattur, launaskattur, tryggingar á mönnum, efni og mannvirkjum svo og önnur gjöld. er fylgja því að hafa menn í vinnu og selja efni og þjónustu, þá til afhending hefur farið fram.

Svo fór, að tilboð aðilja var lægsta tilboðið, og var gerður verk-samningur milli þeirra og borgarstjórnar Reykjavíkur um byg-gingu þvottastöðvarhúss fyrir Strætisvagna Reykjavíkur. Segir í upphafi þess samnings, að borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borg-arstjórnar undirriti vegna Strætisvagna Reykjavíkur sem verk-kaupi, en hins vegar Guðbjörn Guðmundsson trésmíðameistari, Gláðheimum 20, og Sigmundur P. Lárusson múrarameisteri, Langagerði 86, báðir í Reykjavík, in solidum sem verksalar.

Samkvæmt bréfi Iðnaðarbanka Íslands h/f til borgarstjórans í Reykjavík, dags. 13. maí 1966, ábyrgist bankinn samkvæmt beiðni aðilja máls þessa allt að kr. 597.000 efndir skuldbindinga þeirra samkvæmt verksamningi, gerðum við Reykjavíkurborg, um byggingu þvottastöðvarhúss Strætisvagna Reykjavíkur. Fram er komið, að til þess að fá ábyrgð þessa setti stefnandi bankanum að veði húseign sína að Langagerði 86, og stefndi setti að veði íbúð, er hann átti.

Þann 14. júní 1968 lýsa aðiljar málsins því yfir, að borgar-sjóður hafi leyft þeim að fella úr gildi ofannnefnda bankatrygg-ingu frá þeim degi að telja. Staðfesta þeir því, að þeir taki á sig greiðslur, sem stafað geti af göllum, sem fram kunni að koma á verkinu, og standi sú ábyrgð í 12 mánuði frá úttektardegi að telja, þ. e. til 8. desember 1968.

Aðiljar gerðu ekki skriflegan samning sín á milli um fram-kvæmdir tilboðs síns. Tilboðið var þannig gert, að stefndi reiknaði út allt tréverkið og alla útvegum til þess og allt, er varðaði undir-verktaka. Stefnandi sá aftur á móti um útreikning vegna steypu,

múrverks og flísalagnar. Komu þeir síðan saman og ákváðu sín á milli, hvert heildartilboð þeirra ætti að vera.

Í málinu deila þeir um, hvernig skipta hafi átt gróða, ef gróði yrði, og tapi, ef tap yrði. Stefnandi heldur því fram, að skipta hafi átt jafnt, en stefndi, að skipta hafi átt í hlutfalli við upphæðir hluta hvors þeirra í heildartilboðinu. Upphæð hluta stefnda var allmiklum mun hærri.

Á árinu 1966 fór stefndi fram á það við Hjört Pétursson, lög-giltan endurskoðanda, en stefndi hafði verið viðskiptavinur hans mörg undanfarin ár, að hann setti upp og leiðbeindi dóttur stefnda með bókhald fyrir þvottastöð SVR.

Segir Hjörtur Pétursson, að hann hafi rætt við báða aðilja og sett upp bókhaldið á eftirgreindan hátt með samþykki þeirra beggja. Þessu mótmælir stefnandi. Að sögn Hjartar var uppsetningin þessi:

„a) Færð var sjóðdagbók með reikningum, sem fram koma á reikningsyfirliti mínu, dags. 21. janúar 1969 (dskj. nr. 4).

b) Allar inn- og útborganir skyldu fara gegnum ávísanareikning nr. 5184 í Iðnaðarbanka Íslands h.f. Útborgun mátti því aðeins fara fram, að reikningar væru áritaðir af þeim þeirra tveggja, sem útborgun snerti, þ. e. a. s., að greiðslan félli undir tilboðshluta hans. Undirverktakar voru þrír, eins og fram kemur í téðu reikningsyfirliti, og mátti Guðbjörn greiða þeim samkvæmt áður-gerðum tilboðum af þeim.

c) Allur beinn kostnaður á verkið var númeraður á gjaldaliði, en ætlunin var að sjá, hvernig áætlanir þeirra Guðbjörns og Sigmundar hvors um sig kæmu út í lokin“.

Segir Hjörtur, að reikningsuppgjör sitt á dskj. nr. 4 sé sett upp í samræmi við þetta og sýni það beinan hagnað af verkinu kr. 207.720.23 auk vaxtatekna, kr. 5.541.00, eða samtals kr. 213.261.23. Enn fremur sjáist af því, að hagnaður stefnda af hans tilboði nemi kr. 348.997.64, en aftur á móti sé tap á tilboði stefnanda, kr. 141.277.41. Miðað við þetta uppgjör hafi því stefndi lagt fram reikninga og greiddir hafi verið reikningar vegna tilboðshluta hans fyrir lægri upphæð en honum hafi borið samkvæmt sjálfri tilboðsáætluninni. Það, sem á vanti, að hann fái hana greidda, sé hagnaðurinn að fráðreginni úttekt hans, kr. 125.000.00, eða kr. 223.997.64. Með sama hætti hafi stefnandi fengið greiddar kr. 75.000.00 að viðbættum reikningum, sem tapi hans nemur, eða samtals kr. 216.277.41. Séu þá óuppgjerðar kr. 7.720.23, sem þannig fást:

Bankainnstæða	kr. 4.551.25
Borgarsjóður	— 1.642.00
Greitt upp í endurskoðun o. fl. (ekki fært til gjalda) —	7.067.98
eða samtals —	13.261.23
÷ bókaðar vaxtatekjur	— 5.741.00
Mismunur —	7.720.23

Kveðst Hjörtur hafa talið, að þeir mundu gera upp í lokin með þessum hætti, en við reikningsuppgjör hafi komið fram mótbárur frá stefnanda.

Hjörtur Pétursson hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að aðiljar hafi komið til hans, eftir að þeir gerðu tilboð í verkið, og beðið hann að setja bókhaldið upp. Þeir hafi beðið hann að setja bókhaldið þannig upp, að þeir gætu séð, hvernig tilboð hvors um sig kæmi út. Þeir hafi ekki verið búnir að gera samning sín í milli, en endurskoðandinn kveðst hafa kvatt þá til þess að gera það og á þann hátt, er bókhaldið var sett upp. Þeir hefðu þá ekki verið búnir að gera það upp við sig, hvernig þeir ætluðu að skipta tapi eða gróða. Það hefði ekki verið rætt í hans viðurvist. Þá sagði endurskoðandinn stefnanda hafa þó nokkrum sinnum komið á skrifstofu hans út af ýmsum atriðum og að stefnandi hefði áritað alla sína reikninga til greiðslu. Enn fremur hefði stefnandi fengið hjá honum niðurstöðutölur um áramótin 1966—1967, 1967—1968 og yfirlitið á dskj. nr. 4, sem er dags. 31. desember 1968, í sambandi við skattframtöl sín. Þessu er ekki mótmælt af stefnanda, og hefur stefnandi talið fram í samræmi við þær tölur, sem endurskoðandinn hefur gefið honum upp. Hins vegar heldur stefnandi því fram, að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvernig tapi og gróða var skipt í bókhaldinu fyrr en með uppgjöri á dskj. nr. 4, dags. 31. desember 1968.

Þá hefur Hjörtur Pétursson endurskoðandi sett upp kröfu stefnanda, eins og endurskoðandinn telur, að hún ætti að vera.

Stefnandi byggir kröfu sína á útreikningi Hjartar, sem stefndi er tölulega samþykkur.

Útreikningur þessi fer hér á eftir:

„A. Liður 1. Nettóágóði	kr. 213.261.23
Liður 3. Mótatimbur og Breiðfjörðsuppi- stöður	— 301.800.00
Liður 4. Úttekt Gautlands 7	— 10.649.35
Heildarágóði	kr. 525.710.58

B. Samkvæmt stefnukröfu ætti Sigmundur að fá helming ágóðans, kr. 262.855.29, að frádreginni úttekt, kr. 75.000.00. Inneign Sigmundar kr. 187.855.29.

C. Á sama grundvelli liti reikningur Guðbjörns þannig út:
 Liður 2. Útteknir peningar kr. 125.000.00
 Liður 3. Sbr. að framan — 301.800.00
 Liður 4. Sbr. að framan — 10.649.35

Kr. 437.449.35

Frá dregst helmingur ágóðans — 262.855.29

Skuld Guðbjörns kr. 174.594.06

D. Sameign til að mæta kostnaði við endurskoð-
 un o. fl. — 13.261.23

Samtals kr. 187.855.29

Sameignin er þannig:

Bankainnstæða kr. 4.551.25
 Borgarsjóður — 1.642.00
 Greitt upp í endurskoðun o. fl. — 7.067.98

Kr. 13.261.23“

Krafa stefnanda er í samræmi við inneign hans, sbr. lið B.

Aðiljar hafa komið fyrir dóm. Skýrði stefndi svo frá, að hvor þeirra um sig hafi reiknað út sitt tilboð óháð hinum og hafi hvor um sig átt að vera ábyrgur fyrir sinni tölu. Hann sagði það vera venju í þeim verktilboðum, sem hann hefði gert með múrara-meistara, að hvor sæi um sitt. Hann kvaðst hafa tekið að sér slík verk um 20—30 ára tímabil. Þá skýrði hann svo frá, að í hans huga hefðu þeir hvor um sig átt að bera ábyrgð á sínum hluta og þola tap eða gróða af honum.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dóminum, að stefndi hefði spurt hann að því, hvort hann vildi bjóða í þetta verk með sér. Stefndi hefði þá verið búinn að fá menn til að taka að sér raflögn og pípu-lögn og blikksmiði, en það hefðu verið einu undirverktakarnir. Þeir hefðu síðan hvor um sig reiknað út sitt verk. Hann áleit, að eftir að hann kom með reikning sinn til stefnda, hefði hann lækkað hann um það bil kr. 100.000. Hann minnti einnig, að stefndi hefði lækkað sinn hluta útreikninganna. Hann kvað sig hafa farið yfir útreikninga stefnda. Stefndi hefði lesið útreikn-

inga hans lauslega, en ekkert athugað þá nánar. Þá skýrði hann svo frá, að ekkert hefði verið rætt um, hvernig tap ætti að skiptast, ef tap yrði, eða hvernig gróða skyldi skipt. Þetta hefði ekkert verið rætt, fyrr en verkinu var lokið og farið var að flytja efni af staðnum á vegum stefnda. Hann skýrði svo frá, að það hefði alltaf verið hans meining, að tapi og gróða skyldi skipt jafnt. Hann kvað stefnda hafa gengið frá endanlegu tilboði. Þeir hefðu ákveðið að vera ekki yfir kr. 6.000.000. Næsta tilboð fyrir ofan hafi reynst vera kr. 50.000 hærra, þannig að ekki hefði á milli mátt sjá, hver hlyti verkið. Hann kvaðst ekki áður hafa boðið í slíkt verk og sagði stefnda hafa borið veg og vanda af gerð tilboðsins og samningsins.

Kristinn Auðunsson pípulagningameistari, einn undirverktakanna, hefur skýrt svo frá fyrir dómnum, að kvöldið áður en tilboðin voru opnuð og sama morgun og þau voru opnuð, hafi hann heyrt á tal stefnda og stefnanda um það, hvernig þeir mundu skipta tapi, ef tap yrði, eða ágóða. Hafi það komið fram, að þeir skyldu skipta í hlutfalli við verkmagn hvors um sig.

Stefndi kom síðan aftur fyrir dóminn, eftir að Kristinn Auðunsson hafði gefið framburð sinn, og kvaðst þá vera viss um, að Kristinn hefði heyrt þá Sigmund tala um það sín í milli, hvernig þeir mundu skipta gróða, ef hann yrði, og tapi, ef það yrði.

Stefnandi kom þá einnig aftur fyrir dóminn og kvaðst ekki muna til þess, að hann hefði séð tilboð Kristins. Hann kvaðst ekki muna eftir Kristni þarna, áður en tilboðið var gert, og ekki heldur, að Kristinn gæti í annan tíma hafa heyrt á tal þeirra stefnda varðandi samning þeirra í milli. Hann hefði aldrei rætt um það við nokkurn mann, að gróði eða tap af verkinu ætti að skiptast eftir hlutföllum eða um skiptingu þessa yfirleitt. Hann hafi reiknað með helmingaskiptum og ekki gert tilboðið, ef svo hefði ekki verið.

Stefnandi heldur því fram, að ekkert hafi verið samið milli aðiljanna um skiptingu gróða eða taps. Hann byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt verksamningnum hafi þeir verið in solidum ábyrgir gagnvart Reykjavíkurborg. Samkvæmt bréfi Iðnaðarbankans sé ábyrgð bankans sett fyrir þá báða sameiginlega og þeir hafi báðir orðið að setja húseignir sínar að tryggingu fyrir þeirri ábyrgð. Þá sé það ekki sundurliðað í tilboðinu, hvað sé trésmíðaverk og hvað sé múrverk. Þá hafi þeir reiknað sér kaup allan tímann, eins og þeir hefðu unnið hjá öðrum, og sé því hér aðeins deilt um skiptingu ágóða af verkinu í heild. Af málinu

verði ekki annað ráðið en áhættunni hafi átt að skipta jafnt og því ágóða einnig. Hjörtur Pétursson hafi verið ráðinn fyrir tilstilli stefnda, en stefndi hafi verið gamall viðskiptavinur hans, og að sú venja við uppgjör, sem bókhaldsuppsetning Hjartar Péturssonar geri ráð fyrir, sé ósönnuð.

Af hálfu stefnda er byggt á uppgjöri Hjartar Péturssonar og því haldið fram, að aðiljar hafi samið um þá skiptingu taps og ágóða, sem fram kemur í þeim útreikningi. Aðiljar hafi verið sammála um að setja bókhaldið upp að fyrirsögn Hjartar. Mjög sé hæpið, að helmingaskipti eigi að eiga sér stað. Tilboðið sé algerlega byggt á fyrirfram áætluðum tölum, byggðum á verklýsingu og þar sem reiknað sé með undirverktökum, sem samið hafi verið við fyrirfram. Hagnaður og tap undirverktakanna hafi verið þeirra mál og óviðkomandi málsaðiljum. Sama máli hafi átt að gegna um tilboð stefnanda og stefnda. Annar þeirra eigi hvorki að tapa né hagnast á því, að hinn hafi gert skekkju í útreikningum sínum, heldur beri honum að hlíta þeim úrslitum, sem ráðast af hans eigin útreikningum. Þá bendir stefndi á, að stefnandi hafi í reynd farið eftir útreikningum Hjartar, þar sem hann hafi talið fram til skatts í samræmi við tölur, sem Hjörtur hafi gefið honum upp.

Álit dómsins.

Í tilboði er ekki sundurgreint verkmagn aðilja hvors um sig.

Með verksamningi þeim, sem aðiljar málsins gerðu við borgarstjórn Reykjavíkur vegna Strætisvagna Reykjavíkur, tóku þeir in solidum að sér byggingu þvottastöðvarinnar á Kirkjusandi. Þannig er ljóst, að gagnvart verkkaupa var ábyrgð beggja sú sama. Ábyrgð Iðnaðarbanka Íslands h/f, dags. 13. maí 1966, er tekin fyrir aðilja málsins sameiginlega, og ekki hefur annað fram komið en þau veð, sem þeir settu bankanum til þess að fá þá ábyrgð, hafi verið álíka góð. Áhætta aðilja gagnvart öðrum er því jöfn. Með þetta í huga þykir stefndi ekki hafa sannað gegn mótmælum stefnanda, að um það hafi verið samið þeirra í milli í upphafi, að tap skyldi skiptast í hlutfalli við verkmagn. Þá hefur stefndi ekki sannað, að venja sé fyrir því að skipta ágóða og tapi eftir verkmagni hvors eða hvers byggingameistara. Hvor þeirra tók líka meistaraþóknun af sínum hluta verksins, og hlaut stefndi á þann hátt umbun vegna meira verkmagns. Ósannað er, að stefnandi hafi mátt gera sér grein fyrir því fyrr en með uppgjöri, sbr. dómsskj. 4, hvernig stefndi hugðist gera upp þeirra í milli.

Þegar öll ofangreind atriði eru metin, þykir eiga að taka kröfu

stefnanda til greina, og er þá á því byggt, að eins og mál þetta er vaxið, leiði jöfn áhætta til jafnrar ágóðaskiptingar. Stefndi hefur ekki mótmælt vaxtakröfu sérstaklega, og er hún tekin til greina. Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Eggert Kristjánssyni, hæstaréttarlögmanni og endurskoðanda, og dr. Ragnari Ingimarssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Guðbjörn Guðmundsson, greiði stefnanda, Sigmundi P. Lárussyni, kr. 187.855 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og kr. 50.000 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. september 1975.

Nr. 161/1974. **Hreppsnefnd Mosfellshrepps**

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

Borgarsjóði Reykjavíkur vegna

Hitaveitu Reykjavíkur

(Páll Líndal hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Arnljótur Björnsson.

Fasteignaskattur. Synjun lögtaksgerðar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. september 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir fógeta að gera lögtak í eignum stefnda til tryggingar ógreiddum fasteignaskatti álögðum 1972, að fjárhæð kr. 3.120.000 „auk áfallinna og áfallandi dráttarvaxta frá